



Vatns- litir á Íslandi

Á sýningunni *Blæbrigði vatnsins*, sem opnuð var á Kjarvalsstöðum á föstudagskvöldið, eru 140 vatnslitaverk eftir 60 listamenn. Sýningin spannar um 130 ára sögu vatnslitamynda á Íslandi, allt frá vatnslitamyndum Sölva Helgasonar (1820–1895) til mynda samtímalistamanna frá síðasta ári.

Aðalsteinn Ingólfsson er sýningarstjóri *Blæbrigða vatnsins*. Hann hefur safnað saman myndarlegu úrtaki af vatnslitastími fyrri tíma og samtímans og fjallar einnig ítarlega um vatnslitamiðilinn á Íslandi í bók sem kemur út samhliða sýningunni. Eftirfarandi kaflar eru úr bókinni, en þar fjallar Aðalsteinn annars vegar um nálgun ýmissa listamanna við vatnslitina og síðan um vatnslitina í samtímalistinni hér á landi.

Kjörmiðill hins einkalega

„Það gefur auga leið að á Íslandi, þar sem engin vatnslitahefð var fyrir hendi við upphaf nútímalegrar myndlistar, og þá á ég við tvo síðustu áratugi 19 aldar, var tæplega hægt að búast við örum vexti og viðgangi greinarinnar. Sú saga sem hér er sögð í máli og myndum er enda slitrótt, án rökréttar framvindu, á stundum í takt við annað sem var að gerast í myndlist landsmanna, en oftár á skjön við það, einkalegar tilraunir misjafnlega hæfileikaríkra einstaklinga. Vissulega má rekast á stöku vatnslitamyndir í háum gæðaflokki eftir þessa einstaklinga, en hér er hins vegar kappkostað að draga saman verk eftir þá listamenn sem líta á vatnsliti sem mikilvægan hluta listsköpunar sinnar fremur en aukagetu. Þó er stigsmunur á þessu „mikilvægi“ eftir því hvaða listamaður á í hlut. Óhætt er að segja að fyrir Ásgrím Jónsson, Guðmund Einarsson frá Miðdal, Svavar Guðnason, Skarphéðin Haraldsson og Torfa Jónsson voru (og eru) vatnslitir í aðalhlutverki, eða að minnsta kosti afar mikilvægu aukahlutverki. Í myndlist þeirra Eiríks Smith og Hafsteins Austmann ríkir jafnræði milli olíumálverka hans og vatnslitamynda. Fyrir Gunnlaug Scheving, einn afkastamesta og listfengasta vatnslitamálarar okkar, voru vatnslitirnir fyrst og fremst hugsaðir sem formyndir olíumálverka af ýmsum stærðum og gerðum. Vatnslitamyndir Kjarvals eru tiltölulega fáar, miðað við heildarafköst hans, og virðast stundum eins og viðaukar við

olíumálverkin, fremur en formyndir þeirra. Í mörgum vatnslitamyndum Þorvalds Skúlasonar og Nínu Tryggvadóttur erum við stödd í eins konar tilraunastofu þar sem fara fram stöðugar prófanir á formum, litrófi og hrynjandi, án fyrirheits um endanlegar niðurstöður. Síðan eru þeir sem tjá sig nánast einvörðungu með vatnslitum, og vinna verk sín á stærri pappírsarkir en sést hafa til þessa, sjá verk Hlífur Ásgrímsdóttur og Ingileifar Thorlacius. Í verkum nokkurra yngri listamanna á borð við Ólaf Svein Gíslason, Guðjón B. Ketilsson, Guðnýju Rósu Ingimarsdóttur og Valgerði Guðlaugsdóttur eru vatnslitir loks notaðir sem sjálfstæður hluti af stærra rannsóknarferli í tvívídd eða þrívídd ...“

Vatnslitir í nútíð

„Nú er vatnslitavettvangurinn á Íslandi fjölbreyttari en nokkru sinni fyrr. Og óhætt að segja að þar fái þúsund blóm að blómstra óáreið. Þótt skreyti komi fyrir í verkum jafn ólíkra listamanna og Daða Guðbjörnssonar og Kristínar Þorkeldsdóttur, nota margir vatnslitamálarar á fígúratífa kantinum myndir sínar til að brjóta til mergjar mannlega breytni ýkjulaust – en þó með ljóðrænum formerkjum. Þetta á við um hugsýnir Helga Þorgils, tilvistarpælingar Jóns Axels, rannsóknir Birgis Snæbjörns Birgissonar á „staðalmyndum“ (stereótýpum) og ágengar sálfræði- og mannlífsstúdíur Ingileifar Thorlacius. Aðrir listamenn á hlutlægum nótum nota miðilinn til að gaumgæfa náttúru sjálfrar skynjunarinnar, sjá myndir Sigurðar Árna Sigurðssonar og Sigtryggs Bjarna Baldvinssonar. Óvæntustu innlegg til hlutbundinnar vatnslitakúnstar koma samt frá þeim listamönnum sem hafa lifibrauð sitt af einhverju öðru; ég nefni óhugnanlega fagrar smámyndir Guðjóns B. Ketilssonar myndhöggvara af húðmeinum og vatnsstúdíur hins sífrjóa veflistamanns, Kristínar Jónsdóttur frá Munkaþverá, þar sem renna saman (í bókstaflegum skilningi) tilbrigði um íslensk vötn, hugmyndin um tímann og náttúrulegt sí-